

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Stangarlækur 3, L236421, aukið byggingarmagn og bílskúr.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Stangarlæks 3, L236421. Skilmálar vegna byggingarheimilda á byggingarreit fyrir íbúðarhús Stangarlæks 3 breytast.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. maí 2026.

*Deiliskipulagsbreyting, Tóftabraut 6, L196616, og Tóftabraut 3, L196614.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Tóftabrautar 6, L196616, og Tóftabrautar 3, L196614, en breytingin snýr að lóðarmörkum þeirra. Vegna breytingarinnar stækkar Tóftabraut 6 úr 7.606 m<sup>2</sup> í 8.102,5 m<sup>2</sup>. Tóftabraut 3 minnkar úr 7.911 m<sup>2</sup> í 7.414,5 m<sup>2</sup>. Kvöð er á Tóftabraut 3 vegna aðkomu að Tóftabraut 6. Einnig er skilmálum deiliskipulagsins breytt. Fellt verður út „Á hverri lóð er heimilt að reisa frístundahús og með hámarksnýtingarhlutfall upp á 0,03. Hámarksstærð aukahúss má vera 40 fm.“ Í staðinn kemur: Heimilt er að byggja frístundahús og aukahús ásamt geymslu. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. maí 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 26. maí 2026.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,  
**Sigríður Kristjánsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 9. júní 2026